

Fundargerð

218. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 9. febrúar 2016 kl. 12¹⁵–14⁰⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Evrópugerðir
- (3) Frumvarp um meðhöndlun úrgangs
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (217. fundar).

Samþykkt

2. Evrópugerðir

ÓK sagði frá erindi Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir samráði við Úrvinnslusjóð við greiningu þriggja EES gerða. ÓK fór yfir helstu atriði gerðanna og samtal sitt við starfsmann Umhverfisstofnunar.

Skv. starfsmanni UST er verkefnið núna greining til að svara eftirfarandi:

- ✓ Þurfum við að óska eftir lengri aðlögunartíma?
- ✓ Hvaða lögum og/eða reglugerðum þarf að breyta við innleiðingu þegar þar að kemur ?
- ✓ Hvernig er staðan hjá okkur í dag?

Lagt var fram á fundinum drög að íslenskum úrdrætti úr gerðunum. Stjórnarmenn ræddu í framhaldi gerðirnar. Rætt var um minnkun á urðun úrgangs niður í 10% af því magni úrgangs er kemur til meðhöndlunar fyrir árið 2030. En er urðun er í dag um 50%.

Rætt var um EPR (framleiðendaábyrgð) og kröfur á slík kerfi sem Úrvinnslusjóður uppfyllir með starfsemi sinni fyrir nokkrar gerðir úrgangsflokka. ÓK fór yfir töflu, sem dreift var á fundinum sem hann hefur tekið saman um markmið um endurvinnslu á mismunandi gerða umbúðaúrgangs ásamt ártölum þar sem auknu hlutfalli enduvinnslu skal náð. Stjórn ræddi um hvernig ætti að ná þessum markmiðum sem virðast mjög metnaðarfull og líkast til kostnaðarsöm. Sama á við um raf- og rafeindatækjaúrgang. Þar munu kröfur til aukinnar endurvinnslu vera með svipuðum hætti.

Stjórnarmenn Úrvinnslusjóðs munu skoða hver hjá sínum samtökum þessar gerðir og koma athugasemdum á framfæri við Umhverfisstofnun ef að þörf þykir.

3. Frumvarp um meðhöndlun úrgangs

Farið var yfir og lagt fram á fundinum drög að innleiðingarfrumvarpi sem breytir lögum um meðhöndlun úrgangs.

Frumvarpið varðar í aðalatriðum eftirfarandi atriði sem ÓK fór yfir:

- ✓ Innleiðing tilskipunar 2012/19/ESB um raf- og rafeindatækjaúrgang.
- ✓ Innleiðing reglugerðar nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa.
- ✓ Innleiðing reglugerðar nr. 660/2014 um flutning úrgangs.
- ✓ Innleiðing á ákvörðun 2013/727 um snið fyrir upplýsingagjöf vegna stefna um úrgangsmálefni.
- ✓ Lagfæring á innleiðingu rammatilskipunar 2008/98/EB um úrgang.
- ✓ Heimild til handa Umhverfisstofnun til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögum um meðhöndlun úrgangs.
- ✓ Lagfæringar á 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs vegna opinberrar birtingar á skýrslum rekstraraðila.
- ✓ Aðrar minni háttar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs.
- ✓ Breytingar á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismenum af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur til að heimila álagningu umsýsluþóknunar á ál.

Stjórnarmenn Úrvinnslusjóðs munu skoða hver hjá sínum samtökum þessa lagabreytingu og koma athugasemdum á framfæri við Umhverfis- og auðlindaráðuneytið ef að þörf þykir.

4. Önnur mál

Engin

Næsti fundur ákveðinn 1. mars 2016.

Fundi slitið kl 14.00